

Aðalfundur Foreldrafélags Auðarskóla 2018

Fundur settur kl. 17.35.

Mættir eru: Helga Elínborg, Guðrún Björg, Guðlaugur, Carolin, Þórunn Björk, Jónas Már, Guðrún Esther, Svanhvít Lilja, Björt, Jón Egill, Jónína Kristín og Stefanía Björg.

1. Kosning fundarstjóra og frundarritara

Björt leggur til að Jónína Kristín verði fundarstjóri og Svanhvít Lilja fundarritari, allir samþykja.

2. Hvað var gert síðastliðinn vetur

Jólafundur, umræðufundur fyrir foreldra leikskólabarna, öskudagsskemmtanir í leikskóla og Dalabúð, elsta stig styrkt á samfés, loftboltar fyrir öll grunnskólastig, vor- og sumarhátíð grunn- og leikskóla, loftkastali fyrir leikskóla á vorhátíð.

Leikskólinn leitaði til foreldrafélagsins með að fá foreldra leikskólabarna saman til að taka til á leikskólalóð. Vel var tekið í það og mættu nokkrir foreldrar einn eftirmiðdag í vor og tóku til í beðum, týndu rusl og annað.

Yngsta stig og leikskóla stig slitið í sundur vegna aukins styrks frá Dalabyggð.

Ársreikningur lagður fram, tekjur umfram gjöld 78.205 kr. Innistæða reiknings: 290.425 kr. Ekki tókst að finna fyrirlesara þetta árið og því er meira eftir í sjóðnum en venjulega.

Félagsgjöld, 1000 kr. á heimili, tókst ekki að senda innheimtu á síðasta ári. Reikningar voru sendir út nú í október fyrir skólaárið 2017-2018.

3. Skólaráð

Fulltrúar foreldra úr skólaráði sem sátu fundinn lýstu verkefnum skólaráðs og út frá því spunnust umræður um gagn skólaráðs.

Funda um það bil þrisvar á ári, umsagnarráð um hin ýmsu mál sem viðkoma skólanum. Fulltrúum skólaráðs finnst ekkert hlustað á umsagnir þeirra. Mikið baráttumál hefur verið um hringakstur skólabíla við leikskóla en ekkert hefur verið gert í því. Breytingar sem áttu að fara til umsagnar skólaráðs samþykktar áður en sótt var eftir umsögnum.

Fulltrúar virkilega ósáttir með hvaða hlutverk skólaráðið hefur, upplifa það algjörlega áhrifa- og valdlaust. Undir fræðslunefnd að koma umsögnum áfram.

Myrkur á skólalóð, mokstur á skólalóð og almennt öryggi á skólalóð. Fulltrúar hafa reynt aftur og aftur að koma með athugasemdir en ekkert gerst.

Mikið rætt um tjaldsvæði og skóla.

4. Lagabreytingar

Engar tillögur komu fram.

5. Kosningar

Skólaráð:

Kristján Ingi Arnarsson og Stefanía Björg Jónsdóttir kjörin, til tveggja ára, inn fyrir Jónas Má og Ásdísi. Carolin kjörin til tveggja ára í fyrra og situr því sitt annað ár.

Fræðslunefnd: Sigríður Fjóla Mikaelisdóttir kjörin til tveggja ára í fyrra, situr því áfram. Þórey Björk Þórisdóttir kjörin varamaður áfram.

Stjórn:

Jón Egill Jónsson gefur kost á sér áfram til tveggja ára og fær kjör.

Björt Þorleifsdóttir, Jónína Kristín Guðmundsdóttir og Svanhvít Lilja Viðarsdóttir kjörnar til tveggja ára í fyrra og sitja því annað ár.

Guðrún Ester, klárar sitt annað ár og gefur ekki kost á sér áfram.

Hafrún Ösp Gísladóttir kjörin inn í stjórn í stað hennar, til tveggja ára.

Aldís Elín Alfreðsdóttir og Helga Elínborg Guðmundsdóttir kjörnar sem varamenn í stað Ásdísar og Jens.

Deildarráð: tveir foreldrar á hverju stigi. Þeir foreldrar sem komnir eru, eru:

Elsta stig – Unnur Ásta Hilmarsdóttir og vantar einn.

Miðstig – Svala Svavarsdóttir og Guðrún Björg Bragadóttir.

Yngsta stig – vantar tvo.

Leikskóli – Carolin Baare-Schmidt og vantar einn.

6. Önnur mál

Tillaga lögð fram um að aðalfundur verði að vori, í maí og ný stjórn tæki við þegar nýtt skólaár byrjar. Allir samþykja það. Þessi breyting krefst ekki lagabreytinga þar sem í lögum félagsins stendur aðeins að aðalfundur skuli haldinn einu sinni á ári, þó að hefðin hafi verið að halda hann í september.

Guðrún Björg, nefnir leikhúsferð með rútu. Rætt í þaula, sýningar í Borganesi eða á Akranesi, rætt um rútuferðir og verð. Gæti verið eitthvað niðurgreitt frá foreldrafélagi. Rætt hvort eitt stig eða einn árgangur gæti farið á hverju ári. Hægt að fá hóptilboð frá Þjóðleikhúsi eða Borgarleikhúsi.

Helga tekur upp umræðuefnið símanotkun í skóla, fólk sammála um að þetta sé vandamál.

Sett fram hvort foreldrafélagið geri tillögu um breyttar skólareglur um símanotkun, fræðslunefnd getur breytt reglunum.

Fundi slitið kl. 19.15.

Fundarritari
Svanhvít Lilja Viðarsdóttir